



## Starflýsing skólaliða

### Megin viðfangsefni:

- Skólaliði tekur þátt í uppeldis – og umsjónarstarfi og öðrum þeim störfum sem fram fara innan skólans. Megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda.
- Skólaliði skal gæta trúnaðar um þau málefni sem hann verður áskynja í starfi sínu og helst sú skylda þó látið sé af starfi.
- Veitir fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum.

### Helstu verkefni:

- a) Móttaka nemenda á hverjum morgni og skipulagning á umgengni
- b) Gangavarsla og eftirlit með húsnæði og búnaði.
- c) Frímínútuvarsla og hádegisþjónusta við nemendur.
- d) Aðstoðar nemendur við að ganga frá fatnaði og hefur eftirlit með munum þeirra. Hefur umsjón með óskilamunum.
- e) Aðstoðar við að halda skólastofum sem og öðrum viðverustöðum snyrtilegum. Aðstoðar við flutning og tilfærslu á húsmunum, tækjum o.fl.
- f) Heldur göngum og snyrtingum hreinum yfir daginn samkvæmt ákveðnu skipuriti
- g) Þar sem skólaliðar ( blönduð störf ) sjá um ræstingu skal fara eftir gildandi reglum viðkomandi skóla/sjá skipurit GSS
- h) Veitir aðstoð vegna matar og undirbúning matmálstíma þar sem þess er þörf.
- i) Fylgist með og aðstoðar börnin í leik og starfi.
- j) Veitir aðstoð á bókasafni og öðrum vinnu svæðum skólans ef þörf krefur.
- k) Skólaliði sinnir jafnframt þeim störfum sem stjórnendur/ritari felur honum.